

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Stöðvarhreppi, S-Múlasýslu.

1. gr.

Stöðvarhreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsun fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Stöðvarhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorphreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluhláta sinna og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem sett er í sorpílátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarsorp, o.þ.h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram vikulega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsanir eftir því sem við verður komið og þörf krefur. Stöðvarhreppur leggur til einn til tvo sorppoka fyrir hverja íbúð við hverja hreinsun. Aukapoka má fá keypta á skrifstofu sveitarfélagsins.

5. gr.

Allt sorp sem eigi verður látið í poka, eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu eigendur annast á eigin kostnað sé ekki um annað samið.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og víðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Stöðvarhrepps skal framkvæma eftir ströngustu fyrirætlum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar og skal þrífnaður í hávegum hafður.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitar sjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphreinsunargjald í sérstakri gjaldskrá sem staðfestist af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og innheimtist með fasteignagjöldum. Slíkt gjald má aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Stöðvarhrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stöðvarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Stöðvarhreppi árið 1990.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Stöðvarhreppi fyrir árið 1990 skal vera kr. 3 500, sbr. 7. gr. samþykktar um sorphreinsun nr. 51/1990.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.